



# Lærum að útbúa PDF



**Leiðbeinandi:**  
**Snorri Guðjónsson**

# Efnisyfirlit

<b>Notkun PDF-skjala</b>	<b>bls. 3</b>
<b>Berum saman Postscript (EPS) og PDF</b>	<b>bls. 3</b>
<b>PDF</b>	<b>bls. 3</b>
<b>Samantekt</b>	<b>bls. 4</b>
<b>PDF-vinnuferlið</b>	<b>bls. 4</b>
<b>Hvernig gerum við PDF-skrá?</b>	<b>bls. 4</b>
<b>Acrobat Distiller PPD</b>	<b>bls. 5</b>
<b>Postscript-skjöl sem á að breyta í PDF</b>	<b>bls. 6</b>
<b>Uppsetning á Windows-prentrekli</b>	<b>bls. 6</b>
<b>Upplausn (dpi) í Postscript-skjalinu</b>	<b>bls. 9</b>
<b>Að gera PDF úr QuarkXpress 4.0</b>	<b>bls. 9</b>
<b>Að gera PDF úr PageMaker</b>	<b>bls. 10</b>
<b>Acrobat Distiller</b>	<b>bls. 10</b>
<b>Að nota Distiller til að gera PDF-skjal</b>	<b>bls. 11</b>
<b>Watched Folder</b>	<b>bls. 12</b>
<b>Villa í Postscript (EPS) skrá</b>	<b>bls. 13</b>
<b>Að senda tilbúin skjöl til Morgunblaðsins</b>	<b>bls. 14</b>

## **Notkun PDF-skjala**

- ◆ PDF-snið hentar vel fyrir öll skjöl sem á að flytja milli staða, geyma, eða aðeins sýna á skjá.
- ◆ Það þarf að vinna PDF-skjalið sérstaklega fyrir hvern af þessum þremur þáttum.

## **Berum saman Postscript (EPS) og PDF**

Postscript er fullmótað forritunarmál.

Það þýðir að fræðilega er hægt að prenta allt það sem hönnuði dettur í hug með PostScript-skrá.

Það þýðir að PostScript-prentari getur prentað allt sem hönnuði dettur í hug að gera. Þetta frelsi gefur Postscript-reklum einnig kost á að gera margvísleg mistök

Því er hraði og áreiðanleiki alfarið háður hæfileikum þess forritara sem skrifar prentrek-illinn sem notaður er.

Einmitt þetta er ástæða vandamálanna sem við erum sífellt að glíma við þegar við notum Postscript sem flutningsmiðil.

Við þetta bætist sú staðreynd að það vantar allt samræmi milli Postscript-skráa.

Postscript geur til dæmis notað ótal mismunandi aðferðir við að teikna línu, texta, mynd o.s.frv.

Þetta gerir forritum mjög erfitt fyrir að meðhöndla Postscript-skjöl svo niðurstaðan sé örugglega rétt.

Kostur Postscript-skjals er sá að skjalið er tilbúið til útprentunar. Því þarf aðeins að senda það á Postscript-prentarann og ef allt gengur vel prentast það út.

Postscript-forritunarmálið var upphaflega hannað til að senda skjöl frá tölvu í prentara sem tengdur var beint við tölvuna og prentrekillinn vissi allt um prentarann.

Postscript-forritunarmálið var ekki hannað til þess að senda skrár á prentara eða ljóssetningargvél sem prentrekillinn þekkir ekki.

Aðal vandamálið við Postscript er að það er svo auðvelt að gera villur við gerð skjalsins.

## **PDF**

PDF er ekki forritunarmál.

Það þýðir að mjög fáar leiðir eru til að skilgreina teikningar í PDF-skjali.

Þetta takmarkar PDF við það að nota aðeins þá hluti sem byggðir eru inn í PDF-málið.

Stuðningur við t.d. röstun (half-toning), stíglausan rasta (gradients) o.s.frv. verður að bíða þar til Adobe bætir þeim þáttum við PDF-tungumálið og endurskrifar Adobe Reader.

Þessar takmarkanir gera PDF mun stöðugra en Postscript.


Þessir staðlar gera alla prentun mun auðveldari.

## Samantekt

- ◆PDF-skrár eru minni, öruggari og valda ekki eins miklum vanda og Postscript-skrár gera oft.
- ◆Þær eru þó ekki lausar við öll vandamál.
- ◆Letur geta enn verið vandamál (muna að fella það inn í, e. *embed*).
- ◆Það er auðvelt að skala og þjappa (e. *downsample, compress*) myndir of mikið svo þær komi illa út í prentun.
- ◆Það er í raun flóknara að vinna PDF-skrá fyrir prentun en Postscript-skrá.
- ◆Til þess að geta búið til PDF-skrá þarf alltaf að gera Postscript-skrá fyrst.
- ◆Þegar PDF-skráin er svo prentuð þarf aftur að gera úr henni Postscript-skrá.

## PDF-vinnuferlið


Auglýsinguna má gera í hvaða teikni- eða umbrotsforriti sem er. Úr þessum forritum er gerð PDF-skrá. Það er hægt að gera PDF-skrár á marga vegu.



Sum forrit geta skilað PDF-skrám beint út úr sér. Þessi forrit gera í raun og veru fyrst Postscript-bráðabirgðaskrá (*temp*) sem við sjáum ekki, henni er svo breytt í PDF. Gallinn við þessi forrit er sá að þau nota ekki öll „Adobe PDF Library“ og því ekki tryggt að þau skili fullkomnum PDF-skrám. Einnig eru PDF-stillingarnar oft ruglingslegar í þessum forritum. Því mælum við með því að „prenta“ út Postscript skrá og nota svo Acrobat Distiller til þess að gera PDF-skrána.

## Hvernig gerum við PDF-skrá?

1. Fyrst er síðan unnin í hvaða forriti sem er, og prentrekil settur upp með réttri PPD-skrá
2. Þá er síðan prentuð út í Postscript-skrá með prentreklinum.
3. Postscript-skránni er svo breytt í PDF skrá með Acrobat Distiller.
4. Skráin skoðuð í Acrobat Writer.
5. Nú er skráin tilbúin til sendingar.



## Vinum auglýsinguna rétt í byrjun

Að sjálfsgöðu er mikilvægt að vinna síðuna rétt í byrjun í umbrots- eða teikniforritinu. Þó svo að Acrobat Distiller lagi margar villur sem kunna að koma upp er hann engin töfralausn, svo við verðum víst enn að vanda okkur. Þ.e.a.s. ef í upphaflega skjalinu eru þættir sem ekki er hægt að prenta, svo sem örstrík (*hairlines*) er hætt við því að þessir þættir smygli sér inn í PDF-skjalið. Því er gott að hafa eftirfarandi gaumlista í huga:


### Gaumlisti

- Hafa síðustærð rétta.**
- Nota helst PostScript Type 1-letur**
- Forðast True Type-letur**
- Ekki breyta fontum með því að nota Bold, Italic, Shadowed**
- Skanna myndir í rétta stærð**
- Skeru (crop) myndir í myndvinnsluforritum**
- Nota ekki örstrík (hairline)**
- Teikna ekki ramma með fjórum línum, nota heldur rammatólið**
- Skuggasvæði minnst 5%, mest 95%**
- Eyða öllum ónotuðum þáttum**
- Eyða auðum síðum**

Það er algengt að menn breyti letrinu í mynd með því að nota skipunina Convert fonts to Paths. Þessi aðferð getur verið varasöm. Ef miklum texta er breytt í mynd verður skjalið mjög flókið í útprintun. Einnig kemur letrið í auglýsinguni mjög illa út ef hún er birt á mbl.is eins og algengt er með heilsíðuauglýsingar. Því mælum við með að fella allt letur inn í PDF-skrána (Embed all fonts) frekar en að nota Convert fonts to Paths.



## Acrobat Distiller PPD

PPD eða Postscript Printer Description er skrá, sem segir prentreklinum hvaða eiginleikum prentarinn er búinn. Þegar búin er til Postscript-skrá sem fer ekki á ákveðinn prentara, heldur verður breytt strax í PDF-skrá, er mjög mikilvægt að nota PPD-skrána sem fylgir Distiller, því þá sleppir hún öllum sértækum skilgreiningum fyrir ákveðinn prentara. PPD-skjölin koma sjálfkrafa inn þegar Distiller er settur á vélina. Það er einnig hægt að nálgast PPD-skrárnar á PC\Acrobat 4.0\Distiller\Xtras\Asidt4.ppd og á MAC: Acrobat 4.0:Distiller:Xtra:Acrobat Distiller.



## Postscript-skjöl sem á að breyta í PDF


Það eru tvö grundvallaratriði sem verður að hafa í huga þegar gera á PDF-skrá með Distiller. Notaðu PPD-skrá frá Distiller og fella (embed) helst allt letur í Postscript-skránni inn í PDF-skrána. PPD-skráin er valin annaðhvort í Chooser eða AdobePS paper format er notað og valið þar Virtual Printer Plugin (sjá mynd). Þessi viðbót (plugin) kemur með AdobePS 8.6. Virtual Printer-viðbótin gerir mönnum kleift að vera með tvær prentaralýsingar (PPD) á sama prentrekinum, t.d. eina fyrir prentun á prentara og aðra fyrir Distiller-prentun og hægt er að skipta á milli þerra í Prentaraglugganum. Á myndunum hér að neðan eru sýndar stillingar fyrir Postscript-prentun á MAC.



## Uppsetning á Windows-prentrekli


Þegar prentrekillinn er setur upp á PC er best að nota Adobe Printdriver for Postscript. Hann er auðveldari í notkun og skilar mun betri Postscript-skrá en Windows-rekillinn gerir. Það er hægt að nálgast nýjustu Adobe-prentreklana á slóðinni [www.adobe.com](http://www.adobe.com)  
Til að komast beint að prentrekinum:

<http://www.adobe.com/support/downloads/product.jsp?product=44&platform=Windows>  
Uppsetningin á Windows-prentrekinum er mjög auðveld. Fyrst þarf að ná í AdobePS-rekilinn á [adobe.com](http://adobe.com)-síðuna.




**Passið bara að ná í ensku útgáfuna.**

Því næst ræsið þið exe skrána sem náð var í á netinu. Þá kemur upp gluggi þar sem maður á að velja local printer. Svo á að velja port (sjá mynd) þar er valið port sem heitir file. Það er einnig boðið upp á þann möguleika að velja PDF port. En það port er mjög þægilegt vegna þess að þegar Postscript skjalið er tilbúið ræsir það sjávirkt Distiller og gerir PDF skrána. Vandamálið við þetta ágæta port er það að það að notandinn hefur ekki stjórn á Distiller stillingunum heldur notar distiller þá stillingu sem síðast ver notuð í forritinu. Þetta getur valdi villum, því mælum við með að nota Portið FILE og gera PDF skrána í þetta í tvemur skrefum. Þ.e.a.s. gera fyrst Postscript skrá með prentrekinum og svo FPD skrá með distiller.




**Veljið Local port**






**Svo þarf að muna að velja réttan PPD**



**PDD-skráin er á C:\Programfiles\Adobe\Acrobat 5.0\Distiller\Xtras.**

Nú er prentrekillinn tilbúinn, þá er næsta skref að búa til Postscript-skrá og úr henni PDF-skrá. Til að gera Postscript-skrána veljum við Acrobat-prentarann úr forritinu.




**Acrobat-prentarinn valinn.**

Svo má vista Postscript-skrána hvar sem er. Sú skrá er svo opnuð í Distiller og hann yf-irfærir hana á PDF-snið.




## Upplausn (dpi) í Postscript-skjalinu

Upplausn í Postscript-skjali sem aðeins á að gera úr PDF-skrá skiptir í raun engu máli þar sem PDF-sniðið er algjörlega óháð upplausn. Þó tekur Distiller mark á upplausn í undantekningartilfellum svo sem *strokeadjust* og *setflattenpath*. Því mælum við með að stilla upplausnina í prentreklunum á 2400 dpi (sjá myndir).




## Að gera PDF úr QuarkXpress 4.0

Í QuarkXpress eru PPD-stillingarnar valdar í Print-valglugganum. Þessar stillingar yfirskrifa stillingarnar í prentreklunum. Því er nauðsynlegt að velja Acrobat Distiller í Printer Description (sjá mynd).




## Að gera PDF úr PageMaker

PageMaker er með möguleika á að flytja út (Export) PDF-skjöl beint. Við mælum þó með því að prenta heldur Postscript-skrá. Í PageMaker er það einnig mikilvægt eins og í Quark að velja rétta PPD-skrá (sjá mynd).



## Acrobat Distiller

Acrobat Distiller breytir Postscript-skjölum í PDF-skjöl. Það er hægt að stilla Distiller á ýmsan hátt til að gera mismunandi PDF-skrár. T.d. eru skjöl sem nota á til birtingar á Netinu unnar á annan hátt en skrár sem á að nota í hágæðaprentun. Þessar stillingar eru valdar í Settings > Job Options (sjá mynd).



Þessar stillingar eru margar og flóknar og því auðvelt að gera mistök. En til hægðarauka er hægt að fá skjal sem inniheldur stillingarnar. Þannig er hægt að flytja stillingar á milli forrita. Því þarf venjulegur notandi ekki að kunna að stilla Distiller, hann sækir einfaldlega þessa stillingaskrá og þá er hann kominn með réttu stillingarnar og getur byrjað að gera PDF-skjöl. Þessar stillingaskrár eru kallaðar Job Options-skrár. Faghópur á vegum Prenttæknistofnunar hefur nú útbúið svona Job Options-skrá sem á að henta til þess að gera PDF-skjöl sem passa öllum prentsmiðjum á höfuðborgarsvæðinu. Skrá þessi nefnist PrentunHQjpg\_071201. Skrána er hægt að nálgast t.d. á vef [www.mbl.is](http://www.mbl.is), þar er smellt á flipann Morgunblaðið og undir Efni er smellt á Auglýsingar og síðan PDF stillingar. Nú þarf aðeins að hlaða skránni inn á tölvuna. Skráin er pökkuð með ZIP-skjalsniði og því þarf að afpakka hana og setja í eftirfarandi möppu í tölvunni.


## PC

```
c:\Program File\Adobe Acrobat
\Distiller\Settings
\PrentunHQjpg_071201
```

## MAC

```
Adobe Acrobat
- Distiller
- Settings
- PrentunHQjpg_071201
```

Þegar PrentunHQjpg\_071201 Job Options-skráin er komin á réttan stað, bætist valmöguleikinn PrentunHQjpg\_071201 við í Job Options-valröndina (sjá mynd).



**Þessi valmynd er þá valin þegar unnar eru PDF-skrár sem eiga að fara í gæðaprentun.**

## **Að nota Distiller til að gera PDF-skjal**

Til að breyta Postscript-skránni í PDF-skrá er best að draga hana yfir Distiller-gluggann. Þá fer Distiller af stað og gerir PDF-skjal í sömu möppu og Postscript-skjalið er í.

## Watched Folders

Til að einfalda gerð PDF-skráa með Distiller er hægt að nýta sér svokallaðar virkar möppur (Watched Folders) sem Distiller-forritið býður upp á. Til að virkja þær er smellt á Settings og svo valið Watched Folders. Þá birtist þessi mynd:



Hér smellir maður á Add og velur möppuna sem á að vera virk. Við það stofnar Distiller In- og Out-möppu. Þá er hægt að hengja Job Options á þessa virku möppu. Þessi aðferð er mjög þægileg því nú þarf aðeins að afrita Postscript-skrána í In-möppuna og þá verður til PDF-skrá í Out-möppunni. Þessi aðferð er einnig öruggari því ef Job Options er hengt á möppuna er tryggt að þær stillingar eru alltaf notaðar þegar PDF-skjalið er búið til og ekki þarf að treysta því að maður muni að stilla Job Options rétt.

### Góð ráð

**Höfum skjalið rétt stax frá byrjun. Flest PDF-vandamál koma upp vegna rangrar notkunar á teikni- og umbrotsforritum, sjá bls. 9–10.**

**Notum viðurkennd teikni-, umbrots- og myndvinnsluforrit svo sem Freehand, Illustrator, QuarkXpress og Photoshop. Forðumst Microsoft-forrit.**

**Setjum upp og notum Adobe-prentrekilinn (printdriver). Það er hægt að sækja hann á [adobe.com](http://adobe.com)-síðuna. Sjá bls. 6.**

**Notum Acrobat Distiller PPD-skrár. Þær eru í Xtras-möppunni undir Distiller. Sjá bls. 8.**


**Fellum öll letur inn í PDF-skrána (Embed all fonts). Það tryggir að þegar PDF-skráin er prentuð út eru örugglega notuð sömu letur og notuð voru við hönnun auglýsingarinnar.**

**Stillum Distiller rétt, miðað við til hvers á að nota PDF-skjalið. Notum Job Options-skrár – þegar senda á skjöl í hágæðaprentun notum við PrentunHQ.jpg\_071201 sem hægt er að sækja á [www.mbl.is](http://www.mbl.is). Sjá bls. 11.**


**Notum Watched Folders. Þessi aðferð er þægileg og eykur öryggi þar sem hún tryggir að sömu stillingarnar eru alltaf notaðar. Sjá bls. 12.**

## Villa í Postscript (EPS) skrá

Ef við erum með Postscript (EPS) skrá sem prentast ekki út vegna villu, er oft hægt að breyta henni í PDF og svo aftur í EPS og þá „hreinsar“ Distiller Postscript-kóðann og skráin rennur í gegnum prentun. Hvernig er best að gera þetta? Fyrst er Postscript (EPS) skráin send í gegnum Distiller til að gera PDF-skrá. Svo er tvísmellt á PDF-skrána og þá opnast hún í Acrobat. Þar er valið File og Save As. Þá opnast þessi gluggi:



Hér smellum við á Settings og þá opnast þessi gluggi:



Stillið gluggann eins og sýnt er á myndinni og veljið OK. Þá verður til EPS-skjal sem gæti prentast út. Ef þessi tilraun ber ekki árangur má prufa að velja Language Level 1 í stað Language Level 2 (sjá mynd).


## Að senda tilbúin skjöl til Morgunblaðsins

Nú er PDF-skráin tilbúin og næsta skref að senda hana. Segja má að það séu tvær aðferðir til þess að senda tilbúin skjöl til Morgunblaðsins. Í tölvupósti eða á FTP-þjón Morgunblaðsins.

1. *Sending með tölvupósti.* Ef stór skjöl eru send með tölvupósti eiga þau til að skemmast, einnig er slæmt að vita ekki hvort viðtakandi hefur fengið skjalið. Því mælum við frekar með FTP-sendingum.

2. *Sending á FTP-netþjón.* Morgunblaðið er með FTP-netþjón sem ætlaður er til móttöku auglýsinga. Hann nefnist <ftp.mbl.is>.

- a. Ef sent er frá Makka á FTP-þjón Morgunblaðsins er auðveldast að nota Chooser. Það er gert þannig að farið er í Chooser og þar er valið AppleShare og svo Server IP Address (sjá mynd). Þá kemur upp gluggi þar sem beðið er um Username = *gestir* og Password = *gestir*. Þegar búið er að slá inn aðgangsorðið opnast gluggi sem hægt er að draga auglýsinguna inn á. Til að þessi tenging virki þarf Makkinn að vera með tengingu við Netið.



- b. Ef sent er frá PC á FTP-þjón Morgunblaðsins er auðveldast að nota InternetExplorer. Opnið InternetExplorer og sláið þessa slóð inn: <ftp://gestir:gestir@ftp.mbl.is>. Þá opnast gluggi sem hægt er að draga auglýsinguna beint inn á. Sjá mynd.

